

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1043****2022/EES/53/09****frá 24. júní 2021****um framlengingu umbreytingarákvæðanna sem tengjast kröfum um eiginfjárgrunn að því er varðar
áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins
(ESB) nr. 575/2013 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 497. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að komast hjá röskun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og koma í veg fyrir að stofnunum með staðfestu í Sambandinu sé refsað með því að gera strangari kröfur til þeirra um eiginfjárgrunn á meðan viðurkenning á starfandi miðlægum mótaðilum þriðju lands er í ferli, er með 1. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 komið á umbreytingartímabili þar sem stofnanir geta litið á áhættuskuldbindingar vegna þessara mótaðila þriðju lands sem áhættuskuldbindingar vegna fullgildra, miðlægra mótaðila.
- 2) Fyrir miðlæga mótaðila þriðja lands sem lögðu fram umsókn sína um viðurkenningu í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾ fyrir 27. júní 2019, einkum alla miðlæga mótaðila þriðja lands sem enn bíða viðurkenningar frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (ESMA), á umbreytingartímabilið að renna út 28. júní 2021.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur ekki enn samþykkt ákvarðanir í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 fyrir nokkur þeirra lögsagnarumdæma þar sem þessir miðlægu mótaðilar þriðja lands hafa staðfestu. Slíkar ákvarðanir eru forsenda þess að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin viðurkenni miðlæga mótaðila þriðja lands. Þar sem þessar ákvarðanir verða ekki samþykktar fyrir 28. júní 2021 mun Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ekki geta lokið viðurkenningarferli miðlægra mótaðila þriðja lands, sem bíða viðurkenningar, fyrir þann dag.
- 4) Ef umbreytingartímabilið er ekki lengt munu stofnanir með staðfestu í Sambandinu, eða dótturfélög þeirra með staðfestu utan Sambandsins, sem hafa áhættuskuldbindingar vegna þessara miðlægu mótaðila þriðja lands, þurfa að auka eiginfjárgrunn sinn verulega vegna þessara áhættuskuldbindinga. Þetta gæti leitt til brotthvarfs þessara stofnana sem beinna þátttakenda í miðlægu mótaðilunum eða stöðvunar á veitingu stöðustofnunarþjónustu til viðskiptavina þessara stofnana, í það minnsta tímabundið, og þar með valdið mikilli röskun á þeim mörkuðum þar sem þessir miðlægu mótaðilar starfa. Því er nauðsynlegt að framlengja umbreytingarákvæðið í iii. lið b-liðar 1. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um 12 mánuði, til 28. júní 2022.
- 5) Framlenging umbreytingarákvæðisins myndi veita framkvæmdastjórninni tíma til að ljúka jafngildisúttektum sínum í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og samþykkja jafngildisákvarðanir ef skilyrði þar um eru uppfyllt. Hún myndi einnig gefa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni tíma til að viðurkenna viðkomandi miðlæga mótaðila þriðja lands. Ef framkvæmdastjórnin samþykkir ekki jákvæða jafngildisákvörðun myndi framlenging veita stofnunum tíma til að undirbúa sig á réttan hátt undir lok umbreytingartímabilsins sem kveðið er á um í 1. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- 6) Reglugerð þessi skal taka gildi frá og með fyrsta degi eftir að fyrirbyggjandi umbreytingartímabil rennur út.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku bankanefndarinnar,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 225, 25.6.2021, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjútíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Umbreytingartímabilið sem um getur í iii. lið b-liðar 1. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er framlengt til 28. júní 2022.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 29. júní 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
